

229. fundur stjórnar LSS haldinn þriðjudaginn 08. 01. 2014 kl. 13:00 á skrifstofu LSS Brautarholti 30, 105 Reykjavík.

Mættir: SBB, SBv, FH, IGG, JS, EK, BKr, VLF

1. Fundargerð síðasta fundar.

sp

2. Inntaka nýrra félaga

Engin umsókn liggur fyrir.

3. Fulltrúakosningar 2014

Kjósa á fulltrúa (þingfulltrúi og trúnaðarmaður) í janúar. Reiknað er með einhverjum breytingum.

4. 15. þing LSS

Þingið verður haldið 25. – 26. apríl í Lágmúla í Reykjavík. Þanta þarf hótalgistingu og hefja undirbúning fyrir þingið. Farið verður yfir síðustu þingssamþykktir og athugað hvernig hefur til tekist. Umræður um ályktanir og lagabreytingar. Ákveðið að breyta forminu og leggja fram færri tillögur, með áherslupunktum.

5. Sjúkraflutningar

Farið yfir stöðu mála varðandi samningsgerð milli Velferðarráðuneytis og slökkviliðanna. Samningar við nokkur slökkvilið eru óundirritaðir og störf félagsmanna því í óvissu. Farið yfir bréf þar sem samningaferillinn kemur fram (sjá meðf.). athygli vekur að kostnaður við sjúkraflutninga er vantalinn í fjárlagafrumvarpinu um meira en milljarð.

6. Samningar SNS, SNR og Isavia ohf

Farið yfir bréf frá BSRB vegna breytinga á skrifstofu starfsmats sveitarfélaganna (sjá meðf.). Verið að vinna í betrubótum á starfsmatskerfinu. Framkvæmdastjórn starfsmatsstéttarféлага mun funda um málið 10.01. farið yfir kostnaðarhlut LSS við framkvæmdastjórn starfsmats. Fulltrúar stéttarfélaganna og sveitarfélaganna fóru í kynningu til Englands. Þar kom ýmislegt í ljós sem bendir til þess að gallar séu á kerfinu sem SÍS er að nota.

Samningaviðræður við Isavia eru hafnar í samvinnu við stéttarfélögin SFR og FFR.

7. Næstu stjórnarfundir

Næstu fundir eru áætlaðir 5. febrúar, 5. mars og 2. apríl.

8. Önnur mál:

Dómsmálin á Akureyri verða verða tekin fyrir 28. Febrúar

Umræður um möguleika á að fjármagna kaup á orlofsíbúð í Reykjavík með láni frá Starfsmenntunarsjóði.

Umræður um nýja reglugerð um reykköfun. Nauðsynlegt er að fá frekari útskýringar frá Mannvirkjastofnun.

Hálkuvarnir í Munaðarnesi eru ekki í lagi. Ákveðið að senda ábendingu á ROM að sinna betur.

9. Mál til kynninga

Fundi slitið: 15:20